

AUGLÝSING

um gjald vegna námskeiðs og prófs í notkun og meðferð skotvopna.

Samkvæmt 7. mgr. 12. gr. vopnalaga nr. 16/1998, sbr. 27. gr. e. reglugerðar nr. 787/1998 um skotvopn og skotfæri, er gjald fyrir námskeið í notkun og meðferð skotvopna ákveðið kr. 37.500. Tekur þetta mið af kostnaði og umsýslu lögreglu og námskeiðshaldara við bóklegt og verklegt nám ásamt bakgrunnsskoðun og viðhaldi á kerfum. Í námskeiðsgjaldi er innifalið gjald fyrir próf og endurupptöku prófs einu sinni. Óski próftaki eftir að endurtaka próf oftár skal hann greiða sérstakt prófgjald, sbr. 27. gr. d. reglugerðarinnar, kr. 7.500.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 23. september 2024.

F. h. r.

Haukur Guðmundsson.

Drífa Kristín Sigurðardóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 25. september 2024